

Fundargerð 468. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, föstudaginn 6. desember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Hilton Vox í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Elliði Vignisson

Hanna Björg Konráðsdóttir og Pétur Ólafsson sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Að auki sátu fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2024-2026 - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 467. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 11. nóvember 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Farþegaskip - innviðagjöld - 2409002HA

Stjórnin ræddi um næstu skref varðandi ákvörðun Alþingis um innviðagjöld og áhrif þess á skipakomur. Slíkar ákvarðanir geta haft áhrif á framtíðarsölu ferða til Íslands. Nauðsynlegt er að fara vandlega yfir málin í samráði við nýjan ráðherra. Mikilvægt er að finna lausn sem viðheldur tekjum hafna á landsbyggðinni og tryggir tekjur til innviðaupbyggingar. Stjórn Hafnasambandsins telur mikilvægt að málið verði útfært með höfnum landsins.

3. Helstu verkefni og stefnumörkun - 2211001HA

Afgreiðslu frestað fram yfir áramót og nefndarmönnum falið að yfirfara drögin.

4. Afmörkun og skilgreining hafnasvæða - 2412001HA

Í lok árs 2025 ber öllum höfnum að hafa skilað til Innviðaráðuneytis uppfærðum hafnarreglugerðum sem taka mið af breytingu á afmörkun hafnasvæða á sjó. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem mun fara yfir afmörkun hafnasvæða og leggja fram tillögur að næstu skrefum.

5. Umhverfismál og mengunarbúnaður - 2412001HA

Kallað hefur verið eftir því við Umhverfisstofnun að sú stefnumörkun sem farið var í fyrir nokkrum árum verði innleidd varðandi uppsetningu á réttum búnaði í öryggishöfnum.

Nauðsynlegt er að tryggja viðeigandi búnað til mengunarvarna á höfnum landsins og er það mikilvægt skref til að styrkja viðbragðsgetu og auka öryggi á hafnarsvæðum.

Fundi var slitið kl. 12:45